Nr. 284 12. mars 2015

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022,**
**virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar og efnistökusvæði.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 12. mars 2015 breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Húnavatnshrepps þann 19. ágúst 2014.

Breytingin tekur til þriggja nýrra virkjana á veituleið Blönduvirkjunar milli Blöndulóns og stöðvarhúss Blönduvirkjunar ásamt tengdum framkvæmdum, s.s. lónum og veituskurðum (verða iðnaðarsvæði á uppdrætti). Um er að ræða Þramarvirkjun (12 MW), Friðmundarvirkjun (11 MW) og Kolkuvirkjun (8 MW). Samhliða eru gerðar breytingar á kafla 3.1.5 Iðnaðarsvæði og kafla 3.4 Rafveita vegna 66 kW rafstrengs frá Kolkuvirkjun að Blöndustöð. Jafnframt eru gerðar breytingar á kafla 3.1.6 Efnistökusvæði, þar sem bætt er við námum vegna virkjanaframkvæmda og mótuð heildstæð stefna um stærð og efnismagn allra efnistökusvæða í sveitarfélaginu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 12. mars 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2015